

Viljayfirlýsing ríkisstjórnar og IMF – Helstu atriði

Samantekt

Viljayfirlýsing ríkisstjórnarinnar og IMF hefur nú verið birt opinberlega og má segja að flest sé í takt við það sem búast mátti við. Það hefur jafnan verið forgangsverkefni hjá IMF að koma alþjóðaviðskiptum og gjaldeyrismálum í horf við fyrsta tækifæri og ljóst er að Ísland er þar engin undantekning. Fleyting krónunnar er eina leiðin til að hægt sé að hefja gjaldeyrisviðskipti með eðlilegum hætti og því skref í rétta átt. Það er mikilvægt að stjórnvöld leggi ekki upp með að handstýra genginu með of kröftugum hætti og ganga þannig of hratt á gjaldeyrisvarasjóð Seðlabankans. Reynslan hefur sýnt að flestir Seðlabankar mega sín lítils í baráttu við erlenda fjármagnsstrauma. Lykilatriði í þessu samhengi er að stjórnvöld og atvinnulíf komi eftir fremsta megni í veg fyrir að gengisveiking krónunnar leiði út í verðlag. Með þeim hætti má tryggja að leiðrétting raungengis fari í sem mestum mæli í gegnum styrkingu krónunnar. Að sama skapi er mikilvægt að útflytjendur taki afnámi gjaldeyrishafta fagnandi og hiki ekki við að flytja gjaldeyri sinn heim til Íslands.

Helsta áhyggjuefni yfirlýsingarinnar eru þær þröngu skorður sem settar eru á lausafé frá Seðlabanka Íslands. Skilyrði um veðhæfni bréfa hefur verið takmörkuð og gert er ráð fyrir að aukning í lánum frá Seðlabanka til bankakerfisins verði lítil sem engin. Ljóst er að mikill skortur verður á lánsfjármagni til íslenskra fyrirtækja og heimila verði ekkert að gert. Fjárbörf hins opinbera verður mikil á næstunni og því hætt við að enn erfiðara en verði fyrir fyrirtæki að nálgast lánsfé en ella. Úr þessu þarf að bæta eins fjótt og kostur er.

Viðskiptaráð fagnar þeirri aðhaldssömu langtímastefnu sem mörkuð er í ríkisfjármálum enda mikilvægt að aukið svigrúm verði skapað fyrir einkaaðila við fyrsta tækifæri. Fjármálaráðuneytið hefur þegar beint þeim tilmælum til allra ráðuneyta að senda tillögur um hvernig koma megri í veg fyrir þá miklu útgjaldaaukningu sem áætluð var í fjárlögum 2009. Utanríkisráðuneyti hafði þegar lagt fram tillögur sem miðuðu að því að útgjald vegna utanríkismála myndu ekki aukast. Þessu ber að fagna. Í þessu samhengi er vert að minnast á 90 tillögur Viðskiptaráðs að bættri samkeppnishæfni íslensks hagkerfis. Ein af tillögunum var sú að ríkisútgjöld yrði skorin niður um fimmtung enda hafa þau farið hratt vaxandi síðustu tvo áratugi. Í skýrslunni voru margar tillögur sem ættu að geta nýst vel til að skapa það hagræði í ríkisrekstri sem nú er nauðsynlegt.

Hér að neðan er samantekt á helstu atriðum samkomulagsins.

Aðalatriðin:

- Skuldir ríkisins aukast frá 29% af landsframleiðslu í 109%.
- Ríkið tekur USD 5 milljarða af láni frá IMF og nágrannaþjóðum til styrkingar á gjaldeyrisvarasjóði Seðlabankans.
- Halli á rekstri ríkisins fer í 13,5% af VLF 2009. Gert er ráð fyrir að ríkið fari að borga niður skuldir aftur 2011.
- Mikilvægt fyrir ríkið að selja bankana aftur til að fá tilbaka eigið fé sem sett er í þá núna.
- Mjög mikilvægt að fá mikið upp í Icesave skuldbindingarnar.
- Drög lögð af því hvernig bankakerfið verður endurreist og eftirlitskerfið styrkt.

Kaflí 1. Endurskipulagning bankakerfisins

Aðgerðaráætlun í 3 skrefum til að koma bankakerfinu af stað aftur.

1. Neyðarlög sett til að tryggja áframhaldandi bankastarfssemi. Ná bankakerfinu niður í viðráðanlega stærð.
2. Uppskipting bankanna.
 - a. Áætlað að ljúki fyrir lok janúar 2009.
 - b. Sjálfstæð endurskoðunarfyrtæki til ráðgjafar.
 - c. Endar með því að nýtt eigið fé verður sett í bankana í formi ríkisskuldabréfa, ca. ISK 385 milljarðar.
 - d. Nýtt bankaleyfi gefið út eftir að FME hefur farið yfir rekstraráætlarnir nýju bankana.
3. Loks verða bankarnir seldir aftur til að hafa upp í kostnað.

Gömlu bankarnir verða settir í greiðslustöðvun og gjaldþrot

- Tveir óháðir aðilar ráðnir til að meta sannvirði eigna og skulda nýjubankana. Ríkið kaupir nýju bankana af þeim gömlu á því verði. Þannig verði sanngirni við lánadrottna gömlu bankana gætt.
- Gert er ráð fyrir að afskrifa þurfi USD 19 milljarða sem erlendir aðilar hafa lánað inn í bankakerfið.

Allt regluverk endurskoðað

- Sérstakur óháður aðili ráðinn til að stýra verkinu. Búið að ráða finnskan sérfræðing til verksins.
- Sérstaklega skoðað:
 - o Lausafjárstýring
 - o Lán til tengdra aðila
 - o Stórar einstakar áhættur
 - o Krosstengsl
 - o Hagsmunaárekstrar eigenda og stjórnenda
- Regluverkið á að vera tilbúið í mars 2009
- Fyrirverandi stjórnendur sem hafa gerst sekir um afglöp eða misferli verður ekki leyft að sinna sambærilegum störfum í 3 ár.
- Lögum um gjaldþrot verður breytt þannig að fyrirtæki með raunhæfan rekstrargrundvöll sem eru á leið í gjaldþrot vegna skuldastöðu verði gert kleift að semja um skuldir.

Kafli 2. Ríkisfjármál

Mikil fyrirsjáanleg aukning á skuldum hins opinbera

- Skuldir aukast um 29% af VLF 2007 í 109% árið 2009 eða ca. ISK 1200 milljarðar
- Þau lán sem vitað er um að ríkið þarf að taka eða ber ábyrgð á:
 - o 385 milljarðar vegna eiginfjárukningar bankana.
 - o Ca. 640 milljarðar vegna Icesave.
 - o Ca. 500 milljarðar vegna aukningar á gjaldeyrisvarasjóði (IMF lán + tvíhliða lánasamningar við nágranalönd).
 - o Ca. 350 milljarðar frá fjárlögum 2007.
- Frá þessum tölum og 109% skuldamarkmiðið má draga þá ályktun að ríkið gerir ráð fyrir að fá ansi mikið upp í skuldir vegna Icesave.
- Einnig sést af þessum tölum hvað skiptir miklu máli að gjaldeyrisvarasjóðurinn sé nægilega sterkur til að flot krónunnar reynist trúverðugt og að það takist að koma bönkunum í verð.

Ríkissjóður verður rekinn til þess að jafna sveiflurnar í þjóðfélaginu

- Verður leyft að fara í mikinn halla 2009 (13.5% af sveiflujafnaðri GDP).

Metnaðarfull áætlun um hvernig staðið verður í skilum.

- Strangt skilyrði frá IMF að hallinn byrji að minnka eftir 2009.
- Reiknað með að hallinn minnki um 2-3% á ári.
- Ríkið verði rekið með afgangi eftir 2011 og fara að greiða niður skuldir eftir það sem svara til 3-4% af landsframleiðslu.
- Langtíma fjárhagsáætlun ríkisins sett fram.

Kafli 3. Peningamál

Lykilatriði að tryggja stöðuleika krónunnar til að minnka verðbólgu og koma á trausti á efnahagslífinu aftur.

- Líklegt að krónar taki mikla dýfu eftir að hún verður sett á flot aftur.
 - o Stefnit er á fleytingu fyrir júl.
- Vextir hækkaðir í 18% og í kjölfarið eins og þurfa þykir til að viðhalda stöðugleika.
- Mikið aukið aðhald á lausafé frá Seðlabankanum.
 - o Skilyrði til veðhæfni bréfa takmörkuð.
 - o Engin útlánaaukning banka leyfð í bili.
- Gjalddeyrisforðinn notaður til að minnka sveiflur á genginu.
- Tímabundin takmörk á fjármagnstengd gjaldeyrisviðskipti. Öll almenn viðskipti leyfileg svo og vaxtagreiðslur leyfðar.